

Hvernig umhirðu er verið að skipuleggja fyrir sitkagreni í áætlanagerð hjá S.r.

Lárus Heiðarsson, Rúnar Ísleifsson og Björn Traustason

Í erindinu verður farið yfir hvernig skógrækt ríkisins er og hefur verið að grisja sitkagreni í þjóðskógunum. Umhirðunni má reyndar oft á tíðum líkja við að slökkva elda því í mjög mörgum tilfellum erum við 10-20 árum of seinir með grisjun. Einnig verður sagt frá 8 ára gömlum mælingum á sitkagreni á Tumastöðum, þar sem sitkagreni hefur verið grisjað af mismunandi styrkleika og verið er að bera saman meðferðirnar.

Í seinni hluta erindisins verður sagt frá áætlanargerðarforriti sem S.r. er búin að festa kaup á. Forritið er Finnskt og hefur það verið notað til áætlanagerðar í Hallormsstaðarskógi af stúdentum sem hafa verið að vinna að lokaverkefnum. Þörfin á að hafa betri yfirsýn yfir skógarauðlindina hefur gjörbreyst á undanförunum árum. Skógarnir eru að stækka bæði að flatarmáli og stærð og nýtanlegt efni úr skógunum er að aukast.

Áætlanakerfi fyrir skógrækt er órjúfanlegur hluti að ræktuninni. Maður vill vita hvað er til úti í skógi hjá manni og hvers virði það er. Svona kerfi gefa okkur upplýsingar um áætlað viðarmagn, viðarvöxt og hvaða afurðir koma úr grisjunum, kostnað og tekjur á mjög einfaldan hátt. Svona kerfi spara mikinn pening í trjásmælingum. Einnig gefa þau áætlanir fram í tímann og þetta forrit bíður upp á 30 ára áætlun í 3 tíu ára tímabilum.